

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 10. júní 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps á skrifstofum hreppsins kl 17⁰⁰.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Birna Sveinsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Aldursforseti nýrrar sveitarstjórnar Magnús B. Jónsson setti fundinn og stýrði kjöri oddvita.

1. Kosning oddvita og varaoddvita:

Adolf H. Berndsen var kosinn oddviti með 5 samhljóða atkvæðum og Jensína Lýðsdóttir varaoddviti með 5 samhljóða atkvæðum. Oddviti tók við stjórn fundarins. Umræða varð um fundartíma hreppsnefndar og varð niðurstaða sú að halda fund að jafnaði fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði kl. 17,00

2. Kosning í nefndir:

Eftirtaldir voru kosnir í:

a) *Húsnæðisnefnd:*

Björn Ingi Óskarsson	til vara:	Margrét Þorsteinsdóttir
Gígja H. Óskarsdóttir	til vara:	Sólrun Sigurðardóttir
Guðbjörg Kristinsdóttir	til vara:	Pröstur Línadal
Guðríður Daníelsdóttir	til vara	Dóra Sveinbjörnsdóttir
Berglind Guðmundsdóttir	til vara	Björki Sveinsdóttir

b) *Héraðsnefnd:*

aðalmenn:

Adolf H. Berndsen
Magnús B. Jónsson
Jensína Lýðsdóttir
Birna Sveinsdóttir

varamenn:

Gunnar Þór Gunnarsson
Gígja H. Óskarsdóttir
Hólmeir Kristmundsson
Berglind Guðmundsdóttir

c) *Árþing SSNV*

Adolf H. Berndsen	til vara	Jensína Lýðsdóttir
Magnús B. Jónsson	til vara	Gunnar Þór Gunnarsson

Kosningu í skólanefnd, byggingarnefnd og hafnarnefnd sem einnig voru á dagskrá var frestað til næsta fundar.

3. Ráðning skólastjóra við Höfðaskóla

Fyrir fundinum lá umsókn Stellu Á Kristjánsdóttur um stöðu skólastjóra við Höfðaskóla í eitt ár vegna námsleyfis Ingibergs Guðmundssonar. Meðfylgjandi umsókn Stellu var ferilskrá þar sem greint er frá menntun, starfsreynslu og öðru sem umsóknina varðaði. Stella var eini umsækjandi um stöðuna sem auglýst var í Morgunblaðinu.

Hreppsnefnd Höfðahrepps Fundargerðir

Fyrir fundinum lá einnig fundargerð skólanefndar Höfðaskóla 4. júní sl. þar sem umsókn Stelli var tekin til umfjöllunar. Í fundargerðinni kom fram að skólanefnd mælir með ráðningu Stelli í stöðu skólastjóra.

Hreppsnefnd samþykkti að ráða Stelli Kristjánsdóttur í stöðu skólastjóra og fól sveitarstjóra að ganga til samninga við hana um stöðuna að höfðu samráði við skólamálastjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við fundargerð skólanefndar.

4. Fjármál sveitarsjóðs.

Fyrir fundinum lá skýrsla verðbréfadeildar Búnaðarbankans þar sem fjallað er um lánamál sveitarsjóðs vegna sölu Höfðahrepps á hlut sínum í Skagstrendingi hf. Fram kom að þegar hafa verið seld bréf í Hf. Eimskipafélagi Íslands að verðmæti 150 milljónir króna og í ljósi þess hafi verið leitað eftir ráðgjöf frá skuldastýringu BÍ. Í skýrslunni kemur fram að erlend lán sveitarsjóðs voru 30. maí sl. rúmlega 169 milljónir og að það er ráðgjöf skuldastýringar að greitt verði inn á erlenda lánið á næsta gjalddaga, 12. ágúst. Ákveðið að endurmeta stöðuna í lok júlímánaðar.

5. Bréf:

a) Átaks í leit að jarðhita á köldum svæðum, dags. 24. maí 2002

Í bréfinu kemur fram að þar sem styrkur til jarðhitaleitar hafi ekki verið nýttur sé hann dreginn til baka. Með tilliti til þess að Kristján Sæmundson jarðfræðingur hefur ekki verið tilbúinn að leggja til ákveðna borunarstaði til leitar var ákveðið að bíða með endurnýjun umsóknar þar til línur hefðu skýrst.

b) SSNV um 10. ársþing, dags. 2. maí 2002

Í bréfinu er tilkynnt um að 10. ársþing SSNV verði haldið 30. –31. ágúst 2002
Bréfið var til kynningar.

c) Gallery Ríkey, dags. 2. apríl 2002

Í bréfinu var Höfðahreppi boðin til kaups brjóstmynd af Hallbirni Hjartarsyni sem Ríkey Ingimundardóttir hefur gert. Hreppsnefnd taldi ekki forsendur til að kaupa hana að sinni.

d) Skógræktarfélag Íslands, dags. 2. maí 2002

Með bréfinu er gerð grein fyrir úttekt á landgærðsluskógaverkefninu sem hefur verið starfandi í 12 ár. Einnig er óskað stuðnings við gerð úttektarinnar. Samþykkt að leggja 30 þúsund krónur til verkefnisins í ljósi stuðning verkefnisins við landgræðsluskóga á Skagaströnd.

e) Félagsmálaráðuneytisins, dags. 24. apríl 2002

Í bréfinu er gerð grein fyrir áætlun um almenn jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og jöfnunarframlög vegna reksturs grunnskóla fyrir árið 2002.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna þess.

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

f) Sóknarnefndar Hólaneskirkju, dags. 24. maí 2002
Í bréfinu er þakkað fyrir hádegisverðarboð fyrir biskup 9. maí sl.
Bréfið var til kynningar.

g) Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 27. maí 2002
Í bréfinu er minnt á að hægt er að sækja um styrki í sjóðinn til menningartengdra verkefna.
Samþykkt að finna verkefni til að sækja um.

h) Skólafélagsins Ránar, dags. 17. maí 2002
Með bréfinu er þakkað fyrir stuðning við bingó sem skólafélagið hélt 1. maí.
Bréfið var til kynningar.

6. Fundargerðir:

a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 22. maí 2002.
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna hennar.

b) Héraðsráðs, 4. júní 2002
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna hennar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18.³⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)